

I. Inngangur

Góðir gestir,

Það er mér sönn ánægja að fá að ávarpa ykkur hér á 70. fjórðungsþingi Vestfirðinga og ég þakka fyrir boðið.

Það hefur verið ánægjulegt að finna fyrir þeim krafti og metnaði sem einkennt hefur landshlutann á undanförunum misserum og full ástæða er til að hrósa Vestfirðingum fyrir það.

Þessi kraftur kristallaðist ekki síst í Gullkistunni þann 6. september síðastliðin. Þar var dregið fram það besta sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða í atvinnulífi og menningu.

Því miður hafði ég ekki tök á að vera með ykkur þá, en ég hef heyrt að viðburðurinn hafi heppnast einstaklega vel.

Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir góða vinnu og samstöðu við gerð sóknaráætlunar Vestfjarða, sem tók gildi í byrjun árs og gildir til fimm ára.

Ekki er síður ástæða til að hrósa fyrir vinnu ykkar við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði.

Það er ekki sjálfgefið að heill landshluti taki höndum saman um mótun slíkrar framtíðarsýnar sem svæðisskipulagið felur í sér.

Ég vil hvetja ykkur til að horfa fram á veginn og halda áfram á þessari braut samvinnu — og þá ekki síst með sameiningu sveitarfélaga í huga.

Ánægjulegt er að sjá að samstarf sveitarfélaga er á dagskrá þessa afmælisþings, og ég fagna sérstaklega erindi Róberts Ragnarssonar í þeim efnum og ber heitið Sameiningar sveitarfélaga - tækifæri og ógnanir.

II. Samgöngumál og fjarskipti

Þegar kemur að samgöngu- og fjarskiptamálum, gleður mig að geta upplýst ykkur að ég hef nýverið undirritað skipunarbréf fyrir starfshóp sem mun fjalla um Hringveg 2 — eða nýjan hringveg um Vestfirði.

Starfshópurinn hefur það að hlutverki að kanna kosti og galla þess að skilgreina veginn um Vestfirði sem hringveg, sem fengi vegnúmerið 2.

Hópurinn á að skila niðurstöðum fyrir lok janúar 2026 og fjórðungssambandið á þar tvo af fimm fulltrúum.

Þetta er hagsmunamál fyrir íbúa og atvinnulíf á svæðinu, sérstaklega þegar kemur að ferðaþjónustu og markaðssetningu Vestfjarða.

III. Sveitarstjórnarmál

Góðir gestir.

Efling sveitarfélaga og sveitarstjórnarstigsins í heild er mikilvægt byggðamál.

Nefna má að þann 14. júlí síðastliðinn samþykkti Alþingi, eins og kunnugt er, ný heildarlög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Með þeim eru stigin stór skref í átt að markvissari og réttlátari úthlutun úr sjóðnum og um leið stuðlað að því að hann fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Sjóðurinn er nú einfaldari í skipulagi og jöfnunarframlögin markvissari.

Við vinnslu frumvarpsins voru skoðaðar fjölbreyttar sviðsmyndir yfir mögulega þróun sveitarstjórnarstigsins til framtíðar.

Þannig var meðal annars reiknað hvernig nokkrir sameiningarkostir á Vestfjörðum gætu komið út í nýju úthlutunarlíkani.

Það var mjög ánægjulegt að sjá að flestir þeirra komu vel út. Sameinuð sveitarfélög fengu annað hvort meiri framlög eða héldu sínu við sameiningu.

Verkefninu er ekki lokið.

Nú á haustmánuðum er hafin vinna við endurskoðun reglna um grunnskólaframlög Jöfnunarsjóðs, en þau eru á meðal stærstu verkefna hans.

Í vor fjallaði umhverfis- og samgöngunefnd þingsins um þessi mál.

Við þá málsmeðferð kom fram skýr ábending um að mikilvægt væri að endurskoða þessi framlög. Kom það meðal annars fram í nefndaráltiti meiri hluta nefndarinnar.

Grunnskólaframlögin þurfa að taka mið af breyttu landslagi sem er í umhverfi grunnskóla í landinu.

Framlögin verða að byggja á skýrum forsendum og hlutlægum mælikvörðum.

Góðir gestir.

Verkefni sem lengi hefur verið í farvatninu er nú að líta dagsins ljós.

Ég mun á næstu dögum birta í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi mínu til endurskoðunar á sveitarstjórnarlögum.

Markmið frumvarpsins er að styrkja stjórnsýslu og lagaumhverfi sveitarfélaga, þannig að þau séu betur í stakk búin til að takast á við umfangsmikil verkefni, tryggja skilvirka þjónustu við íbúa og stuðla að sjálfbærri þróun sveitarfélaga og byggðarlaga um allt land.

Frumvarpið á sér langan aðdraganda og er meðal annars liður í því að framkvæma stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

Fjölmarginir hafa komið að undirbúningi þess, bæði fulltrúar ríkis og sveitarfélaga.

Sem dæmi um það má nefna, vinnustofu um samvinnu sveitarfélaga sem haldin var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í byrjun apríl, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þar komu fram mikilvæg sjónarmið, sem hafa nýst inn í vinnu við að skýra ákvæði um samvinnu sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er að finna breytingar sem snúa að stjórnsýslu, fjármálum, starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa og leiðum til að auka lýðræðislega þátttöku íbúa.

Ég hvet ykkur öll til að fara inn í samráðsgátt stjórnvalda þegar frumvarpið verður birt og kynna ykkur frumvarpið og koma með athugasemdir teljið þið þörf á.

Við munum auglýsa það vel þegar þar að kemur og gefa góðan frest til að skila inn athugasemdum. Ég hvet ykkur öll til að nýta þetta tækifæri.

Ríkisvaldið hefur lengi lagt áherslu á sameiningu sveitarfélaga og að þau verði stærri og öflugri, svo þau geti tekið við þeim verkefnum sem ríkisvaldið hefur falið þeim sem hluta af nærpjónustu við íbúa.

Í þessu samhengi vil ég nefna að það gladdi mig þegar fréttir bárust af því að nokkur sveitarfélög á Vestfjörðum hygðust efna til óformlegra sameiningarviðræðna. Ég hlakka til að fylgjast með framvindu þeirra.

Fjölmennari sveitarfélög eru betur í stakk búin til að sinna lögbundnum verkefnum og geta veitt betri og hagkvæmari þjónustu.

Þess vegna verða í frumvarpinu ákvæði sem endurspeгла markmið okkar um að sveitarfélögin verði stærri og öflugri. Samlegðaráhrifin eru augljós.

Stærri og sterkari sveitarfélög eru forsenda fyrir jákvæðari byggðapróun og bættum lífskjörum í landinu

IV. Byggðamál

Góðir gestir.

Varðandi byggðamál. Íbúa- og samráðsfundurinn hér á Ísafirði þann 19. ágúst síðastliðin var sérstaklega ánægjulegur. Á fundinum komu fram fjölmargar góðar spurningar og ábendingar.

Það er hornsteinninn í mínu starfi að eiga milliliðalaust samtal við íbúa og sveitarstjórnarfólk eins oft og tækifæri gefst.

Það gefur mér innsýn inn í þær áskoranir og tækifæri sem eru til staðar í hverjum landshluta.

Í umræðunum kom skýrt fram hversu ofarlega samgöngu-, fjarskipta- og orkumál eru í hugum Vestfirðinga. Að ógleymdum strandveiðum.

Á fundinum voru kraftmiklar umræður um allt frá jarðgangagerð og vetrarþjónustu yfir í stöðu byggðakvóta og mikilvægi fjarskiptaöryggis.

Ég get fullvissað ykkur um að þau fjölmörgu og góðu málefni sem komu fram á fundinum eru nú til skoðunar í ráðuneytinu og munu nýtast vel við forgangsöðun verkefna.

Íbúa- og samráðsfundirnir, sem ég hélt um allt land í síðasta mánuði mörkuðu upphaf að endurskoðun byggðaáætlunar. Ég áætla að leggja fram nýja byggðaáætlun á Alþingi haustið 2026.

Sérfræðingar í ráðuneytinu og hjá Byggðastofnun leiða þá vinnu.

Núgildandi byggðaáætlun felur í sér fimmtán ára framtíðarsýn ásamt fimm ára aðgerðaáætlun um hvert skuli stefna í byggðamálum. Allar 44 aðgerðir núgildandi áætlunar eru komnar til framkvæmda og tíu þegar lokið.

Þátttaka landshlutasamtaka sveitarfélaga er — hér eftir sem hingað til — mjög mikilvæg og hefur ráðuneytið þegar óskað eftir þátttöku þeirra við endurskoðunina.

Almenningi mun gefast gott tækifæri til að segja skoðun sína á fyrirhugaðri byggðaáætlun í opnu samráði á vef Byggðastofnunar, sem vert er að vekja sérstaka athygli á.

Byggðaáætlun er mikilvægt stjórnþæki fyrir stjórnvöld. Ekki hvað síst þegar kemur að því að styðja við svæði sem standa höllum fæti.

Sem dæmi um aðgerðir sem nýtast slíkum svæðum vel eru: Verslun í dreifbýli, Brothættar byggðir og Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Sjö verslanir í dreifbýli hlutu styrk af byggðaáætlun í ár, þar af eru þrjár á Vestfjörðum, á Reykhólum, Drangnesi og í Árneshreppi. Vil ég hér nefna sérstaklega stuðning við verslun á Þingeyri, sem er verið að vinna í og ég tel mikilvægan.

Kaldrananeshreppur var nýverið tekinn inn í verkefni Brothættra byggða og hóf verkefnisstjóri störf í lok ágúst.

Ég óska honum og sveitarfélaginu öllu velfarnaðar í störfum sínum.

Í mars síðastliðnum úthlutaði ég styrkjum til þrettán verkefna sem lúta að því að efla sóknaráætlanasvæðin, í gegnum aðgerðina Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga fékk þar þrjá styrki, samtals að fjárhæð 30 milljónir króna. Þetta eru mjög góð verkefni, sem áhugavert verður að fylgjast með. Verkefnin eru eftirfarandi:

- Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags.
- Tenging fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum.
- Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum.

Á næstu vikum munum við opna fyrir umsóknir fyrir sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða og verslun í dreifbýli, vegna ársins 2026.

Ég hvet ykkur til að fylgjast vel með því.

Fjármunir sem renna til byggðaaætlunar eru kannski ekki miklir í stóru samhengi ríkisfjármála, en reynslan sýnir að þeim er sannarlega vel varið.

Þessi verkefni hafa sannað gildi sitt, og reynst afar vel í að styðja við byggðarlög um allt land — ekki síst þar sem þörfin er mest.

Góðir gestir.

Þegar ég lít yfir dagskrá Fjórðungspingsins sé ég að það eigið fyrir höndum mikilvægar umræður. Þetta er metnaðarfull dagskrá sem ber vott um þann mikla kraft sem ég nefndi hér í upphafi og ég óska ykkur góðs gengis í ykkar mikilvægu störfum hér á þinginu.

Takk fyrir.